

# PÁLL ERLINGSSON

## I

Lengi hefi ég haft í huga, að skrifa um ýmsa kunningja mína og vini, og að vísu ekki síður þjóðfélagsins vegna en sjálfra þeirra. Þjóðfélagið er fram komið við tilraun til að vera samtaka, tilraun til að samstillta hugsanir og athafnir margra. En undirstöðuskilyrði fyrir því að samstillingin geti tekist, samtökin orðið góð og rétt, er að menn séu rétt metnir. Því meiri sem mannþekking er í þjóðfélagi, því betri geta samtökin orðið. Og þess vegna greiðir allt það fyrir þjóðþrifum, sem miðar til að auka mannþekkingu.

Af slíkum ástæðum einkum, sem nú var drepíð á, er það sem ég hefi lengi haft í huga nokkra smápætti um kunningja mína og vini. Og fyrir löngu hafði mér hugsast að byrja á því, að minnst á Pál Erlingsson. Páll er einn af þeim mönnum, sem ég hefi mestar mætur á, eigi einungis vegna þess að hann er bróðir vors mesta skálds, eigi einungis fyrir það, að hann á fyrir son einn af vorum skemmtilegustu viðreinsarmönnum, heldur sjálfs hans vegna. Ef ég er spurður, hvernig góður drengur sé á svipinn, þá er það enginn, sem mér kemur fyrr í hug en Páll. Og ef ég er spurður, hvernig sé góður íslenskur svipur, þá kann ég engan fyrr að nefna. Og svipurinn segir þar satt til um skapið. Í svo mikilli niðurlægingu var sundmennt hér á landi, þegar Páll var á æskuárum, að það þurfti að vera vel skapi farinn, til þess að láta sér koma til hugar að læra þá íþrótt. Og það þarf að vera vel skapi farinn til að nota sína sundkunnáttu eins og Páll hefir gert. Veturinn 1912—13 kom ég inn í Laugar flesta daga og sá þá til Páls. Og ég lærði þá að dást að þolinmæði hans og umhyggjusemi gagnvart nemendunum og áhuga á að þeim yrði námið að sem mestum notum.

## II

Íslendingar eru sú hvít þjóð, sem við erfiðastar menningarástæður hefir lifað á jörðu hér. Loftslagið, sem mátti ekki lakara vera en á landnámstíð, þar sem það var rétt á mörkum að hér gæti vaxið skógur og korn, spilltist til muna, svo að úr því kom fram yfir 1300, mátti landið á köflum heita óbyggilegt. Og þó varð enn fleira til að draga úr þroska vorum. Svo erfiðar urðu ástæður, að það var þjóðarafrek, að halda hér uppi landbúnaði, þó að vesall væri, og þeirri menningu, að ekki slitnaði allt samband við þær aldir, er Íslendingar voru höfðingsþjóð. Íslenskir fræðimenn hafa lifað við svo óríflegar ástæður, að þeir hafa ekki getað gert sér eins ljóst og þurft hefði, hvílíkt afreksverk þjóðar hér ræðir um, og hvers virði það er. Og þá heldur engin von, að þeir hafi getað vakið aðrar Norðurlandþjóðir til skilnings á því, hve mjög það er í þágu Norðurlanda allra, sem þetta þjóðarafrek hefir unnið verið. Því að það er í þarfir allra Norðurlanda, sem íslenska þjóðin hefir hér lifað margfalt erfiðari ævi, þegar á allt er litið, en nokkur hennar frændþjóð. Og hefðu íslenskir fræðimenn haft ríflegri ástæður til að starfa, þá hefði fyrir löngu verið til á Norðurlöndum sú hluttekning með Íslendingum, sem oft hefir verið hin mesta nauðsyn á, af eldi, ísum og annarri óáran. Þá mundu ekki hafa orðið á Íslandi slík tíðindi sem Kötlugosið síðasta, án þess að frændurnir á Norðurlöndum sýndu nokkra hluttekningu, þeim sem urðu fyrir svo tilfinnanlegu tjóni. Og þá væru engir erfiðleikar á að fá, alveg án afarkosta, fé slíkt sem nauðsynlegt virðist, til þess að koma samgöngum og atvinnuvegum í viðunanlegt horft. Fyrir löngu hefðu menn vitað, að engu fé er arðsamlegar varið en því sem færi til að styðja Íslendinga til viðreisnar.

## III

Það liggur nærri, að minnast slíkra hluta í sambandi við Pál Erlingsson og þá frændur. Þegar ég virði fyrir mér svip Páls og sláplyndi, þá skil ég betur en áður, hvernig á því stendur, að sambandið við hina glæsilegri fortíð Íslendinga



slitnaði aldrei til fulls, þrátt fyrir alla örðugleika. Og þar er það skaplyndi, sem dugað hefði til að koma málum vorum í gott horf, ef samhugur þjóðar hefði verið með. En mjög hefir það staðið oss fyrir þrifum hér á landi, að einmitt slíkir menn hafa síst verið rétt metnir. Hversu fjarri því fór, að vér Íslendingar reyndumst hugumstærsta og íslenskasta skáldi þjóðarinnar, Þorsteini Erlingssyni, eins og maklegt hefði verið. Úr þessu ættum vér að reyna að bæta dálítið gagnvart Páli, nú í elli hans.

Mars '21.